



# Matís ohf.

## Ársreikningur 2013

Matís ohf.  
Vínlandsleið 12  
113 Reykjavík  
Kt. 670906-0190



## Efnisyfirlit

	bls.		bls.
Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn .....	3	Efnahagsreikningur .....	6-7
Áritun endurskoðenda á ársreikninginn .....	4	Yfirlit um sjóðstreymi .....	8
Rekstrarreikningur .....	5	Skýringar .....	9-12



## Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

Félagið var stofnað á árinu 2006 á grundvelli laga nr. 68 frá árinu 2006 og heyrði undir Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið, nú Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti. Í hlutafélaginu sameinuðust þrjár ríkisstofnanir sem unnið höfðu að matvælarannsóknum og þróun í matvælaiðnaði. Þetta voru Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Matvælarannsóknir Keldnaholti og Rannsóknastofa Umhverfisstofnunar. Matís er þekkingar- og rannsóknarfyrirtæki sem vinnur að þróun og nýsköpun í matvælaiðnaði, líftækni og matvælaöryggi. Matís veitir ráðgjöf og þjónustu til fyrirtækja í sjávarútvegi og landbúnaði, sem og íslenska ríkinu. Matís kemur að þróun á nýjum vörum og ferlum fyrir fyrirtæki og hefur mikilvægu hlutverki að gegna varðandi gæði og öryggi matvæla.

Tap varð af rekstri félagsins á árinu 2013 að fjárhæð kr. 19,4 milljónir samkvæmt rekstrarreikningi. Þann 31. desember 2013 námu heildareignir félagsins kr. 1.314,8 milljónum og bókfært eigið fé nam kr. 227,4 milljónum samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður á árinu 2014 vegna ársins 2013, en víesar að öðru leyti til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé félagsins ár árinu.

Hlutafé félagsins nemur 150 millj. kr. og er allt í eigu ríkissjóðs.

Stjórn Matís ohf. og forstjóri staðfesta hér með ársreikning fyrir árið 2013 með undirritun sinni.

Reykjavík, 26/6 2014

Stjórn:

Agustínus Úlfur Úlfsson

Jóni E. Guðfinnsson

Ragnheiði Ólga Þorvaldsdóttir

Fridrik Ólafsson

Ólafur Ýmir Ýmirsson

Bergþóra Þorvaldsdóttir

Ólafur

Forstjóri:

Svavur Ólafsson

# Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Matís ohf. fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymsyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glöggja framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

## Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glöggja framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu fyrirtækisins á árinu 2013, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

## Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi vð lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ríkisendurskoðun, *26.6.* 2014

  
Sveinn Arason  
ríkisendurskoðandi

  
Karlotta B. Aðalsteinsdóttir  
endurskoðandi

# Rekstrarreikningur fyrir árið 2013

	Skýr.	2013	2012
<b>Rekstrartekjur:</b>			
Seld þjónusta .....		<u>1.406.127.391</u>	<u>1.387.925.900</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Laun og tengd gjöld .....	1	806.691.489	791.705.600
Annar rekstrarkostnaður .....		582.107.662	550.249.977
Afskriftir .....	6	<u>42.216.489</u>	<u>49.273.940</u>
		<u>1.431.015.640</u>	<u>1.391.229.517</u>
Rekstrartap fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....		( 24.888.249)	( 3.303.617)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	2	606.969	11.308.204
Rekstrartap fyrir tekjuskatt .....		( 24.281.280)	8.004.587
Tekjuskattur .....		<u>4.852.496</u>	<u>( 1.870.186)</u>
Rekstrartap ársins .....		( 19.428.784)	<u>6.134.401</u>
<b>EBITDA</b>		<u>17.328.240</u>	<u>45.970.323</u>
<b>Hagnaðarhlutur:</b>			
Tap á hverja krónu hlutafjár .....	3	<u>-0,13</u>	<u>0,04</u>

# Efnahagsreikningur

## Eignir

Skýr.

31.12.2013

31.12.2012

### Fastafjármunir:

#### Óefnislegar eignir:

Hugbúnaður .....	4	6.917.190	14.161.773
Einkaleyfi .....		35.588	135.045
		<u>6.952.778</u>	<u>14.296.818</u>

#### Varanlegir rekstrarfjármunir:

Rannsóknartæki .....	5	99.961.822	95.776.315
Áhöld og tæki .....		4.338.101	4.338.759
Innréttningar .....		6.328.933	3.829.407
		<u>110.628.856</u>	<u>103.944.481</u>

#### Áhættufjármunir og langtímakröfur:

Eignarhlutir í dótturfélögum .....	650.000	650.000
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	777.237	657.237
Skuldbréfaeign .....	5.833.333	7.000.000
	<u>7.260.570</u>	<u>8.307.237</u>

Fastafjármunir	124.842.204	126.548.536
----------------	-------------	-------------

### Veltufjármunir:

Vörslusjóður vegna verkefna .....	7	548.330.219	176.558.760
Viðskiptakröfur .....		427.577.068	282.691.966
Fyrirframgreiddur kostnaður .....		1.313.373	2.015.939
Handbært fé .....		212.695.740	233.207.814
		<u>1.189.916.400</u>	<u>700.163.522</u>

Veltufjármunir	
----------------	--

Eignir samtals	1.314.758.604	826.712.057
----------------	---------------	-------------

# 31. desember 2013

## Eigið fé og skuldir

	Skýr.	31.12.2013	31.12.2012
<b>Eigið fé:</b>			
Hlutafé .....	8	150.000.000	150.000.000
Yfirverðsreikningur .....		4.948.160	4.948.160
Óráðstafað eigið fé .....		<u>72.489.593</u>	<u>92.053.725</u>
Eigið fé samtals	9	<u>227.437.753</u>	<u>247.001.885</u>
<b>Skuldbindingar:</b>			
Tekjuskattsskuldbinding .....	10	5.865.496	10.717.857
Skuldbinding vegna dótturfélaga .....		<u>0</u>	<u>0</u>
		<u>5.865.496</u>	<u>10.717.857</u>
<b>Skammtímaskuldir:</b>			
Viðskiptaskuldir .....		52.464.995	64.537.610
Fyrirfram innheimtar tekjur .....		336.719.168	181.487.324
Vörslusjóður verkefna .....		549.215.995	176.961.910
Aðrar skammtímaskuldir .....		<u>143.055.197</u>	<u>146.005.472</u>
		<u>1.081.455.355</u>	<u>568.992.316</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>1.087.320.851</u>	<u>579.710.173</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>1.314.758.604</u>	<u>826.712.057</u>

# Yfirlit um sjóðstreymi fyrir árið 2013

	Skýr.	31.12.2013	31.12.2012
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
<b>Hrein veltufé frá rekstri:</b>			
Rekstrartap ársins .....	( 19.428.784)	7.480.744	
<b>Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:</b>			
Afskriftir .....	6 42.216.489	49.273.940	
Áunnið orlof .....	( 1.944.400)	11.428.137	
Sölutap eignarhluta í dótturfélögum .....	0	4.212.000	
Lífeyrisskuldbinding .....	5.988.308	5.600.000	
Breyting á tekjuskattsskuldbindingu .....	( 4.852.362)	( 1.816.315)	
	<u>21.979.251</u>	<u>76.178.506</u>	
<b>Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:</b>			
Viðskiptakröfur .....	( 144.885.102)	8.626.001	
Vörslusjóður verkefna .....	( 371.771.459)	( 143.575.158)	
Aðrar skammtímakröfur .....	6.391.609	( 6.694.967)	
<b>Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:</b>			
Viðskiptaskuldir .....	( 16.116.523)	( 11.440.970)	
Vörslusjóður verkefna .....	372.254.085	142.683.135	
Fyrirfram innheimtar tekjur .....	155.231.844	( 26.230.187)	
Aðrar skammtímaskuldir .....	( 2.950.275)	4.033.193	
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda	<u>( 1.845.821)</u>	<u>( 32.598.953)</u>	
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b><u>20.133.430</u></b>	<b><u>43.579.553</u></b>	
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	( 41.556.824)	( 27.714.871)	
Afborgun skuldabréfaeignar .....	1.166.667	( 7.000.000)	
Kaupverð eignarhluta í hlutdeildarfélögum .....	0	( 57.237)	
Fjárfesting í dótturfélögum .....	0	( 150.000)	
Söluverð eignarhluta í dótturfélögum .....	0	5.148.000	
Fjárfesting í öðrum félögum .....	( 120.000)	0	
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>	<b><u>( 40.510.157)</u></b>	<b><u>( 29.774.108)</u></b>	
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>			
Leiðréttiing tekjuskatts fyrra árs .....	( 135.349)	222.375	
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>	<b><u>( 135.349)</u></b>	<b><u>222.375</u></b>	
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....</b>	<b><u>( 20.512.076)</u></b>	<b><u>14.027.820</u></b>	
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>	<b><u>233.207.814</u></b>	<b><u>219.179.993</u></b>	
<b>Handbært fé í lok árs .....</b>	<b><u>212.695.740</u></b>	<b><u>233.207.813</u></b>	

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

- a. Ársreikningur Matís ohf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði.

### Erlendir gjaldmiðlar

- b. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru yfirfærð í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur peningalegra liða sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður í rekstrarreikning. Gengismunur vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar miðað við gengi uppgjörsdags.

### Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

- c. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samanstanda af vaxtagjöldum, verðbótum og öðrum kostnaði, vaxtatekjum af eignum og gengismun af erlendum gjaldmiðlum.

### Innlausn tekna

- d. Tekjur af sölu eru færðar þegar varan hefur verið afhent og eignarréttur og ábyrgð flyst yfir á kaupanda. Tekjur af veitri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörsdegi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörunni verði mögulega skilað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

- e. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum.

Þegar varanlegir rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum sem hafa mismunandi nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og færðar miðað við mismunandi nýtingartíma.

Kostnaður vegna endurnýjunar á einstökum hlutum varanlegra rekstrarfjármuna er eignfærður sem varanlegur rekstrarfjármunur þegar hann fellur til, ef líklegt er að efnahagslegur ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Rannsóknartæki .....	3 - 5 ár
Áhöld og tæki .....	3 - 4 ár
Innréttningar .....	5 ár

## Skýringar, frh.:

### Eignarhlutir í dótturfélögum og öðrum félögum

f. Eignarhlutir í dótturfélagi og öðrum félögum eru eignfærðir á kaupverði.

### Vörlusjóður vegna verkefna

g. Vörlusjóður vegna verkefna er tilkominn vegna verkefnastjórnunar erlendra verkefna. Staðan miðast við eftirstöðvar styrkfjárhæða að teknu tilliti til gengis.

### Handbært fé

h. Til handbærs fjár teljast óbundnar bankainnstæður.

### Tekjuskattsskuldbinding

i. Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrr í skattuppgjöri en í ársreikningi. Frestuð skatteign er færð vegna tímabundinna mismuna ef líkur eru á að þeir nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Tekjuskattur á hagnað eða tap ársins inniheldur bæði tekjuskatt til greiðslu og frestaðan tekjuskatt. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema að því marki að hann tengist liðum sem færðir eru beint á eigið fé, en þá er hann færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu og/eða frestaður tekjuskattur er áætlaður skattur ársins, miðað við gildandi skatthlutföll. Tekið er tillit til leiðréttинга vegna fyrri ára.

### Laun og launatengd gjöld

31.12.2013                    31.12.2012

1. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun .....	660.854.374	634.520.308
Launatengd gjöld .....	145.837.115	157.185.292
Laun og launatengd gjöld alls: .....	<u>806.691.489</u>	<u>791.705.600</u>
Starfsmenn (starfsgildi) í lok árs .....	95	104
Launa og launatengd gjöld stjórnar og forstjóra .....	26,0 millj.	23,9 millj.

### Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

31.12.2013                    31.12.2012

2. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

Fjármunatekjur .....	4.987.099	8.099.893
Fjármagnsgjöld .....	( 500.868)	( 433.331)
Gengismunur .....	( 3.879.262)	3.641.642
	<u>606.969</u>	<u>11.308.204</u>

## Skýringar, frh.:

### Hagnaðarhlutur

3. Hagnaðarhlutur er hlutfall hagnaðar og vegins meðaltals hlutafjár á árinu:

Hreinn hagnaður (tap).....	( 19.428.784)	6.134.401
Vegið meðaltal fjölda hluta á tímabilinu.....	150.000.000	150.000.000
Hagnaðarhlutur .....	( 0,13)	0,04

### Óefnislegar eignir

4. Óefnislegar eignir samanstanda af keyptum hugbúnaði og útlögðum kostnaði við að öðlast einkaleyfi.

Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Einkaleyfi	Hugbúnaður	Samtals
Heildarverð 01.01. ....	557.218	46.822.153	47.379.371
Keypt á árinu .....	0	0	0
Selt á árinu .....	0	0	0
Heildarverð í lok árs .....	<b>557.218</b>	<b>46.822.153</b>	<b>47.379.371</b>
Afskrifað 01.01. ....	422.171	32.660.382	33.082.553
Selt og niðurlagt á árinu .....	0	0	0
Afskrifað á árinu .....	99.457	7.244.583	7.344.040
Afskrifað í lok árs .....	<b>521.628</b>	<b>39.904.965</b>	<b>40.426.593</b>
Bókfært verð í lok árs .....	<b>35.590</b>	<b>6.917.188</b>	<b>6.952.778</b>
Afskriftahlutföll .....	25%	20%	

### Varanlegir rekstrarfjármunir

5. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Rannsóknartæki	Innréttigar	Áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 01.01. ....	341.609.936	7.950.948	15.514.360	365.075.244
Keypt á árinu .....	34.474.909	4.733.578	2.348.337	41.556.824
Selt á árinu .....	0	0	0	0
Heildarverð í lok árs .....	<b>376.084.845</b>	<b>12.684.526</b>	<b>17.862.697</b>	<b>406.632.068</b>
Afskrifað 01.01. ....	245.833.621	4.121.540	11.175.600	261.130.761
Selt og niðurlagt á árinu .....	0	0	0	0
Afskrifað á árinu .....	30.289.402	2.234.052	2.348.995	34.872.449
Afskrifað í lok árs .....	<b>276.123.023</b>	<b>6.355.592</b>	<b>13.524.595</b>	<b>296.003.210</b>
Bókfært verð í lok árs .....	<b>99.961.822</b>	<b>6.328.934</b>	<b>4.338.102</b>	<b>110.628.858</b>
Afskriftahlutföll .....	20-30%	20%	20-30%	

## Skýringar, frh.:

### 6. Afskriftir greinast þannig:

Óefnislegar eignir .....	7.344.040
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	34.872.449
	<u>42.216.489</u>

### Fasteignarmat og vátryggingaverð

Vátryggingarverð varanlegra rekstrarfjármuna í árslok 2013 nam eftirtöldum fjárhæðum:

Vátryggingarverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	<u>763.227.000</u>
--	--------------------

### 7. Viðskiptakröfur

Vörslusjóðir vegna verkefna .....	548.330.219
Viðskiptakröfur vegna verkefna .....	260.996.147
Almennar viðskiptakröfur .....	151.896.093
Tengdir aðilar .....	14.684.828
	<u>975.907.287</u>

### Eigið fé

8. Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 150 millj. kr og er það allt í eigu Ríkissjóðs. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í móðurfélaginu.

9. Yfirlit um breytingar á eigin fé:

	Hlutafé	Yfirverðs-reikningur	Annað eigið fé	Samtals
Eigið fé 01.01. ....	150.000.000	4.948.160	91.918.377	246.866.537
Tap ársins .....			( 19.428.784)	( 19.428.784)
Eigið fé í lok árs .....	150.000.000	4.948.160	72.489.593	227.437.753

### Tekjuskattsskuldbinding

10. Tekjuskattsskuldbinding félagsins greinist þannig:

Tekjuskattsskuldbinding í ársþyrjun 2013 .....	10.717.857
Reiknaður tekjuskattur ársins .....	( 4.852.496)
Tekjuskattsskuldbinding í lok árs .....	<u>5.865.361</u>

Tekjuskattsskuldbinding félagsins skiptist á eftirfarandi liði í efnahagsreikningi:

Varanlegir rekstrarfjármunir .....	7.037.069
Viðskiptakröfur .....	3.360.679
Dreifing gengismunar skv. skattalögum .....	( 274.459)
Yfirlægð skattalegt tap .....	( 4.257.928)
Tekjuskattsskuldbinding í lok árs .....	<u>5.865.361</u>